

NAILA ZAHIN ANA

Hvernig maður finnur sig óhultan á snæviþöktum kletti í miðju Atlantshafi

Komið þið sæl! Ég heiti Naila Zahin Ana. Ég er samfélagsaktivisti og rithöfundur frá Banglades. Reykjavíkurborg samþykkti mig sem ICORN-gestariðhöfund og síðastliðna fimm mánuði hef ég búið hér.

Ég hef aldrei litið á sjálfa mig sem opinberan flóttamann. Ég meina, maður gerir ráð fyrir að flóttamenn hætti lífi sínu á bátkænum í ólugsjó á leið sinni burt frá stríðshrjáðu heimalandi. Ég kom mér bara um borð í flugvél um miðja nótt og fáeinum óhöppum síðar lenti ég í nýjum heimkynnum. Föðurland mitt á ekki í stríði við neinn eins og stendur, það er efnahagskreppa í landinu. Tölfræðin segir að Banglades sé bráðefnilegt land sem stefnir hátt. En samt er ég hér.

Til þess að skilja stöðu mína þurfum við að spóla aðeins til baka. Árið 2013 var öflug hreyfing í Banglades sem krafðist dauðarefsingar yfir stríðsglæpamönnum frá 1971. Þá sögu er ekki tómt til að segja hér. Þegar þessi mótmæli, sem síðar voru kennd við Shahbag, hófust, gekk ég til liðs við þau til að krefjast réttlætis fyrir forfeður mína sem börðust fyrir frelsi. Þessi mikla mótmælahreyfing kveikti pólitíska vitund í brjósti margra ungmenna í landinu, og ég var ein af þeim.

Á dögum Shahbag-hreyfingarinnar urðu blogg og Facebook-færslur gríðarstór hluti af samfélagsbaráttunni í Banglades. Þetta var fljótleg, auðveld og ódýr leið til að útbreiða boðskap okkar til fjölda fólks. Gallinn var sá að áróður fjársterku terroristanna gegn okkur breiddist líka út með ógnarhraða. Þeir beittu trúarbrögðum til að æsa upp hatur á veraldlega sinnuðu fólki og trúleysingjum. Svo þegar morðin byrjuðu var meginhluta landsmanna sama um okkur. Við vorum bara einhverjir guðleysingjar, heiðingjar, trúniðingar. Það skipti þá svosem engu.



Ritið
1. tbl. 19. árg. 2019 (193–198)
Þýðing

© 2019 Ritið, tímarit Hugvísindastofnunar,
höfundur og þýðandi

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 101 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.19.1.11
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

En okkur skipti það öllu. Í hverjum mánuði, annan hvern mánuð, þriðja hvern mánuð var rithöfundur myrtur. Terroristarnir voru að drepa okkur skipulega um leið og þeir gerðu alla aðra óttaslegna. Og yfirvöld sátu bara aðgerðalaus. Bloggarar urðu að loka síðum sínum, hætta í vel borguðum störfum, fara að heiman og í felur, flýja land til að bjarga lífi sínu. Þetta var eins og að lifa neðansjávar. Þrýstingurinn var of mikill og við gátum ekki andað.

Meðan á þessu stóð þurfti ég að horfa upp á heila eins átrúnaðargoða minna slettast á götuna og höfuðið á nánnum vini brotið; annar fannst drepinn heima hjá sér. Mér fannst ég bjargarlaus þegar ég heyrði lögregluna segja vini mínum að þeir gætu ekkert gert fyrir hann, hann ætti að koma sér úr landi. Mánuði síðar var hann myrtur. Ég varð öskureið þegar ég frétti að einum af baráttufélögum mínum var neitað um vegabréfsáritun af sænskum yfirvöldum. Nokkrum dögum síðar var hann myrtur framan við húsið sitt um hábjartan dag.

Trúaðar fjölskyldur okkar skömmuðust sín fyrir okkur, allt landið var andsnúið okkur vegna íslamistaáróðurs, við gátum ekki treyst vinum okkar, við fengum ótal morðhótanir og konunum var hótad nauðgun. Löggæslan neitaði að vernda okkur. Og þegar við þetta bættist að forsætisráðherra Bangladess sagði að fórnarlömbin ættu sjálf sök á dauða sínum, þau hefðu ekki átt að skrifa þessa hluti; við ættum að hætta að skrifa því að fólki sárnaði það – þá áttum við ekki annarra kosta völ en að taka því sem gríni.

Nýlega var ég beðin um að skrifa um stöðu mína og hvernig ég hafnaði hér. Það var auðvelt að skrifa fyrstu málsgreinarnar. Sögu lands míns, sögu Shahbag-hreyfingarinnar og hvernig ég tengdist henni, hvernig morðalda terroristanna byrjaði. Að því loknu gekk hvorki né rak svo vikum skipti. Ég bara gat ekki skrifað meira. Ég hélt að þetta gæti verið ritstífla. En mér gekk þrýðilega með önnur verk. Ég vissi upp á hár hvaða orð ég þyrfti að nota. En ég gat ekki sett þau á blað. Ég sat við tölvuna dögum og vikum saman án þess að skrifa eitt einasta orð.

Skiladagurinn nálgaðist. Einn daginn settist ég því niður og fór að skrifa hvaðeina sem kom upp í hugann. Þá vissi ég ekki fyrr en ég var farin að gráta um leið og ég hnipraði mig saman. Ég gat ekki stöðvað tárin. Það var eins og opnast hefði flóðgátt sem engin leið var að loka. Að skrifa um dauða fólksins sem ég virti og þótti vænt um varð til þess að ég mætti öllum sársaukanum sem ég hafði falið innra með mér.

Þegar morðin stóðu sem hæst var ég í miðju atburðanna. Eftir að upphafsáfallið og hryllingurinn yfir fréttunum voru afstaðin urðum við öll að

grípa til aðgerða. Og síðar óttuðumst við svo um líf okkar að við gátum ekki einu sinni leitt hugann að þeim ósegjanlega missi sem við urðum fyrir. Það gafst enginn tími til að hugsa eða vinna úr öllum tilfinningunum. Aðeins eitt komst að, að komast af.

En Reykjavík veitti mér trygg og örugg heimkynni. Ég þurfti ekki lengur að búa við ótta. Loksins fékk ég tíma til að syrgja. En ég gerði það ekki. Ég hélt að engin þörf væri á slíku fyrir jafn sterka og þrautseiga manneskju og mig. Ég hafði rangt fyrir mér. Sársauki, ótti og hjálparleysi höfðu fyrir löngu skotið djúpum rötum innra með mér. Þegar ég fór að skrifa um það hlaut ég að horfast í augu við það allt. Ég varð ekki fyrir neinu líkamstjóni, en að lifa við slíka skelfingu svona lengi, yfirgefa fjölskyldu og vini og rífa líf mitt upp með rötum skildi eftir tilfinningaleg og geðræn ör.

Eftir að ég kom hingað liðu fyrstu vikurnar í undrun. Gerólikt veður, nýtt fólk, nýjar matartegundir, nýtt umhverfi – það tók tíma að venjast þessu öllu. Um leið og ég fór að verða hagrön átti ég mig á hve staða mín var einmanaleg. Í fyrsta sinn á ævinni var ég alein. Flestum myndi þykja þetta niðurdrepandi en ég verð að játa að ég var himinlifandi yfir því. Meira að segja þegar ég var að deyja úr leiðindum eða hafði engan til að tala við eða borðaði núðlusúpu á hverjum degi – því ég kann ekki að elda – þá var ég sannarlega glöð. Ekkert öngþveiti í kringum mig, ekkert álag, ekkert stress, engin skelfing, engin átök sem snertu mig beint.

Þó var eitt sem fylgir mér enn. Hjálparleysið. Þessi djúpa hjálparleysis-tilfinning sem ég finn vegna landsmanna minna. Flestir vinir mínir og ættingjar eru þar ennþá. Þó að ég hafi sloppið standa þau enn í sama stríði og fara halloka. Á hverjum einasta degi henda slæmir hlutir mitt kæra land. Fólk er að deyja, það sætir hótunum og ofsóknum, minnihlutahópar eru fluttir nauðugir af eigin landi, tjáningarfrelsi er ekki til, stjórnvöld brjóta á grundvallarréttindum eigin borgara, róttækir íslamistar ná sífellt meiri fóttfestu og mæta engri andspyrnu. Það er sama hvað ég reyni, ég get ekki bandað þessu öllu frá mér. Mér þykir vænt um landið mitt. Og sem aktívisti verð ég að gera eitthvað til að vernda það. En ég gat ekki rönd við reist meðan ég var í því miðju. Í staðinn varð ég að fara til að bjarga sjálfri mér. Hvað get ég þá gert svona óralangt í burtu!

Fyrir nokkrum mánuðum sótti ég fund ICORN-tengslanetsins og hitti alla hina listamennina sem eru í útleigð eins og ég. Það er drjúgur hópur af fólki frá Bangladess í þessu neti. Þegar ég var að tala við þau um stöðu okkar átti ég mig á hvað ég er heppin að vera hér. Á Íslandi geta næstum allir tjáð sig á ensku. En margir þessara listamanna sem búa í ólíkum borgum

geta ekki einu sinni keypt í matinn án þessa læra eitthvert hrafl í máli heimanna. Þótt mörg þeirra hafi tekið fjölskyldur sínar með í útleigðina eru þau í rauninni ein. Og hér er ég, að eignast vini, farin að láta til mín taka, vinn sjálfboðastörf og reyni að taka þátt í félagslegum hreyfingum. Þegar upp var staðið gátum við ekki að því gert að finnast við vera byrði á þessu afbragðsfólki sem eru gestgjafar okkar. Sjálf mun ég ekki losna við þá tilfinningu fyrr en ég get skilað einhverju til baka, ekki fyrr en ég verð farin að leggja eitt-hvað bitastætt til samfélagsins.

Dag nokkurn var ég á gangi niður Laugaveginnum eftir sjálfboðavakt í Rauðakrossbúðinni. Göturnar voru fullar af ferðamönnum frá mörgum löndum. Skyndilega horfði ég í augun á manni. Það var eitthvað mjög kunnuglegt í augnaráðinu sem varð til þess að mér rann kalt vatn milli skinns og hörunds. Líkami minn fór um leið í varnarstöðu. Öll leikmanna-sjálfsvarnarbrögðin sem ég hafði kennt sjálfri mér rifjuðust upp. Ég fór að fálma eftir litla hnífnum sem ég hafði vanið mig á að bera í vasanum. En hann var ekki þar. Auðvitað ekki! Ég átti ekki að þurfa hans með lengur. Ég gekk framhjá manningnum, viðbúin árás, á miðri fjölfarinni götu. Einmitt þegar ég hugsaði að ég væri að gera úlfalda úr mýflugu, beygði maðurinn fyrir horn fyrir aftan mig, inn í fáfarnari götu. Ég varð skelfingu lostin og gekk eins hratt og ég gat án þess að líta um öxl. Ferðin heim í íbúðina mína jaðraði við spretthlaup. Það tók mig marga klukkutíma að róa mig niður eftir þetta.

Ég taldi mig alltaf vera harða af mér. Ég meina, ég bjó við terrorisma. En eftir þennan dag varð mér ljóst hvað ég er ennþá hrædd. Ég er enn hrædd við ókunnug andlit. Ég lít um öxl hvert sem ég fer, gríp um lyklna, alltaf viðbúin árás. Óttinn sem byrjaði fyrir mörgum árum fylgir mér enn, meira að segja svona mörgum mánuðum eftir að ég settist að á öruggum griðastað. Óttinn var bara grafinn djúpt í heilanum eins og slæm, bæld minning.

Ég þekki trans mann frá Banglades sem er að sækja hér um hæli. Ég geri mitt besta til að hjálpa honum með það. Ég veit að ef honum verður hafnað og hann sendur heim þá verður ráðist á hann. Það er ekkert kannski, það er enginn vafi á því að það verður ráðist á hann. Þegar ég talaði við hann komst ég að því að ótta okkar og kvöl svipar saman. Ég sagði honum söguna af ókunna manningnum og mér til furðu hafði hann sjálfur lent í svipaðri reynslu. Þetta voru ekki ýkt viðbrögð. Það var sjálfsbjargarhvöt. Samkenndin helltist yfir mig. Loksins einhver sem gat í raun og veru skilið það sem ég er að ganga í gegnum. Fólkið sem ég umgengst hér lætur sig þetta miklu skipta en í sannleika sagt geta þau ekki skilið til fulls það sem ég varð að reyna áður en ég kom hingað. Enginn sem hefur ekki upplifað slíka ógn getur það. Þú

getur lesið um það, hlustað á aðra segja frá því en það er allt annað en að lifa það í raun og veru. Fyrir 2013 var líf mitt afskaplega vafningalaust og öruggt. En eftir það fylgir óttinn, sársaukinn og missirinn mér hvert sem ég fer.

Fyrir þann sem er knúinn áfram af afli tilfinninga sinna er býsna niður-drepanði að átta sig á þessu. Það veldur því að mér finnst ég vera veikburða, gagnslaus. En ég bý ekki við þann munað að geta leyft mér slíkt. Já, ég er óhult en ég get ekki slakað á. Ekki enn. Ég er haldin stöðugri streitu, skelfingu og kennd um brýna nauðsyn þess að hjálpa fólkinu sem varð eftir. Ég slapp þó burt. Þau eru enn í sömu stöðu. Ég má ekki vera að því að velta mér upp úr sársauka. Ég hef verk að vinna.

Aðalsteinn Eypórsson þýddi

NAILA ZAHIN ANA

Aktívisti og bloggari

AÐALSTEINN EYÞÓRSSON

Íslenskufraeðingur

adalsteinn.e@gmail.com

